

## REGLUR

### um millibankamarkað með gjaldeyrisskiptasamninga.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands setur hér með eftirfarandi reglur skv. heimild í 18. og 38. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

#### 1. gr.

*Aðild að viðskiptum á millibankamarkaði með gjaldeyrisskiptasamninga.*

Viðskiptavakar á millibankamarkaði með gjaldeyri geta orðið aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyrisskiptasamninga, hér eftir nefndir markaðsaðilar en auk þeirra getur Seðlabanki Íslands tekið þátt á markaðnum. Seðlabanka Íslands er ekki skylt að eiga viðskipti við markaðsaðila þótt eftir því sé leitað.

#### 2. gr.

*Skyldur markaðsaðila og markaðstími.*

Markaðsaðilum er skylt að gefa bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals óski annar markaðsaðili þess. Samningar miðast við 3.000.000 Bandaríkjadala. Markaðsaðilum er skylt að gefa bindandi kaup- og söluverð í samninga með tímalengd: SW, 2W, 1M, 2M, 3M, 6M, 9M og eitt ár. Millibankamarkaður með gjaldeyrisskiptasamninga er opinn til viðskipta frá kl. 9.30 til 14.00 hvern viðskiptadag.

#### 3. gr.

*Leiðbeinandi verðtilboð.*

Markaðsaðilar skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi verðtilboð, þ.e. kaup- og sölutilboð miðast við þær tímalengdir sem taldar eru upp í 2. gr. Tilboðin skulu birt á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters. Einungis markaðsaðilar skulu hafa aðgang að þessum síðum. Markaðsaðilar skulu uppfæra verðtilboð sín eigi sjaldnar en á 5 mínútna fresti, sbr. 2. gr.

#### 4. gr.

*Upplýsingaskil.*

Markaðsaðili sem gefið hefur upp verð sem leitt hefur til viðskipta skal tilkynna Seðlabanka Íslands, með tölvupósti eða símleiðis, um viðskiptin þegar í stað. Þær upplýsingar sem ber að tilkynna Seðlabanka Íslands eru: Hverjir eru aðilar að viðskiptunum, fjárhæð í Bandaríkjadöllum, tímalengd, stundargengi og framvirkir punktar. Seðlabanka Íslands ber að birta veltu fyrir hverja tímalengd, sbr. 2. gr., hvern viðskiptadag. Seðlabanki Íslands birtir veltutölur á Reuters síðunni ICEU.

#### 6. gr.

*Verðbil.*

Verðbil skal að hámarki vera 25 punktar í vöxtum fyrir hverja tímalengd.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi 15. mars 2002.

Reykjavík, 8. mars 2002.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísleifur Gunnarsson**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

**Finnur Ingólfsson**  
bankastjóri.